

REGLUGERÐ

43

28. febr.

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Fyrst um sinn, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skal hafa sérstakan sumartímareikning á Íslandi yfir bjartari mánuði ársins, þannig, að klukkan verði á þeim tíma færð fram um eina klukkustund frá íslenskum meðaltíma. Kemur þetta þannig til framkvæmda, að klukkan 1 aðfaranótt fyrsta sunnudags í apríl-mánuði ár hvert færist klukkan fram og verður 2, og klukkan 2 aðfaranótt fyrsta sunnudags í vetri færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður eitt.

Dómsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1947.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Odds- 44 dóttur og Kristíönu Einarsdóttur og dætra þeirra“, útgefin á venjulegan hátt ad 5. marz. mandatum af dómsmálaráðherra 5. marz 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Guðrúnar Oddsdóttur og Kristíönu Einarsdóttur og dætra þeirra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Oddsdóttur og Kristíönu Einarsdóttur og dætra þeirra.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf frá Tryggva Jónssyni, bónda á Svertingsstöðum í Eyjafjarðarsýslu, að upphæð kr. 2000.00, til minningar um Guðrúnu Oddsdóttur og Kristíönu Einarsdóttur, húsfreyjur í Ytra-Dalsgerði í Saurbæjarhreppi, og dætur þeirra, Sigrúnu og Sigríði.

3. gr.

Höfuðstól má aldrei skerða. Til ársloka 1962 skulu allir vextir lagðir við höfuðstól, en eftir þann tíma $\frac{1}{4}$ vaxtanna, nema ef ákvæði 4. gr. koma ekki til framkvæmda eitthvert ár, af sérstökum ástæðum.

4. gr.

Fyrir jól 1963 má í fyrsta sinni verja $\frac{3}{4}$ vaxtanna til jólaglaðningar handa einni konu í Saurbæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu, giftri eða ógiftri, er sjóðstjórnin telur þess verðuga.

5. gr.

Stjórn sjóðsins hefur með höndum kvenfélag í Saurbæjarhreppi, þannig: Formaður stjórnar kvenfélagsins er og formaður sjóðstjórnar. Þar að auki kys kven-

- 44** félagið tvær konur sem meðstjórnendur, og skal að minnsta kosti önnur þeirra vera afkomandi Guðrúnar Oddsdóttur eða Kristíönu Einarsdóttur, sé þess kostur, enda sé hún búsett í Saurbæjarhreppi.

Stjórn sjóðsins hefur með höndum fjárgæzlu hans og gjafir úr honum, og semur reikning hans. Ársreikning sjóðsins skal sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu endurskoða, úrskurða og birta.

6. gr.

Sjóðurinn skal geymast og ávaxtast í tryggum skuldabréfum, eftir því sem við verður komið, en að öðru leyti í sparisjóði.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast staðfestingar forseta.

Svertingsstöðum, 4. febrúar 1947.

Tryggvi Jónsson.

45

STYRKTARSJÓÐUR TIL SVÍPJÓÐARFERÐA

25. apríl

Ársreikningur 1946.

Höfuðstóll:

1. Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi	kr. 7462.01
2. Aukning á árinu 1946 samkv. eftirfarandi reikningi	— 288.77
	<hr/>
	Kr. 7750.78

Eignum sjóðsins er þannig varið:

1. Veðdeildarbréf	kr. 7000.00
2. Innstæða í sparisjóði	— 750.78
	<hr/>
	Kr. 7750.78

Tekjur:

1. Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 280.00
2. Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 8.77
	<hr/>
	Kr. 288.77

Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn	kr. 288.77
	<hr/>
	Kr. 288.77

Forsætisráðuneytinu, 14. janúar 1947.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.